



**Fernt, sem  
Guð vill láta  
big vita**

# 1

## Þú þarft að frelsast

---

Því að allir hafa syndgað og skortir Guðs dýrð.

(Rómverjabréfið 3: 23)

Vér fórum allir villir vega sem sauðir, stefndum hver sína leið.

(Jesaja 53: 6)

Það liggur fyrir mönnunum eitt sinn að deyja, en eftir það er dómurinn.

(Hebreabréfið 9: 27)

Laun syndarinnar er dauði.

(Rómverjabréfið 6: 23)

Enginn getur séð guðsríki, nema hann endurfæðist.

(Jóhannes 3: 3)

Það, sem af holdinu er fætt, er hold, og það, sem af Andanum er fætt, er andi.

(Jóhannes 3: 6)

# 4

## Drottinn Jesús megnar að frelsa og varðveita

Fyrir því getur hann og til fulls frelsað þá, sem fyrir hann ganga fram fyrir Guð, þar sem hann ávallt lifir til að biðja fyrir þeim.  
(Hebreabréfið 7: 25)

Hann megnar að varðveita yður frá hrösun og láta yður koma fram fyrir dýrð sína, lýtalausa í fögnumuði. (Júdasar bréf 24)

Með því að hann hefir liðið, þar sem hans sjálfs var freistað, er hann fær um að fulltingja þeim, er verða fyrir freistungu.  
(Hebreabréfið 2: 18)

Ef þannig einhver er í Kristi, er hann ný sköpun, hið gamla varð að engu, sjá, það er orðið nýtt. (2 Korintubréf 5: 17)

# 3

## Guð hefir séð um hjálpræði handa þér

---

Guð hefir ekki ætlað oss til reiði,  
heldur til að öðlast sáluhjálp  
fyrir Drottin vorn Jesúm Krist,  
sem dó fyrir oss.

(1 Þessaloníkubréf 5: 9–10)

Guð elskaði svo heiminn, að hann  
gaf son sinn eingetinn, til þess að  
hver, sem á hann trúir, glatist  
ekki, heldur hafi eilíft líf.

(Jóhannes 3: 16)

Drottinn lét misgjörð vor allra  
koma niður á honum. (Jesaja 53: 6)

Því að Kristur leið líka einu sinni  
fyrir syndir, réttlátur fyrir rangláta,  
til þess að hann gæti leitt oss til  
Guðs. (1 Péturs bréf 3: 18)

Náðargjöf Guðs er eilíft líf í  
Kristi Jesú, Drottni vorum.  
(Rómverjabréfið 6: 23)

# 2

## Þú getur ekki sjálfur frelsað þig

Margur vegurinn virðist greiðfær,  
en endar þó á helslóðum.

(Orðskviðirnir 14: 12)

Maðurinn réttlætist ekki af  
lögmálsverkum. (Galatabréfið 2: 16)

Því að af náð eruð þér hólpnir  
orðnir fyrir trú; og það er ekki  
yður að þakka, heldur Guðs gjöf.  
Ekki af verkum, til bess að enginn  
skuli geta þakkað sér það sjálfum.  
(Efesusbréfið 2: 8-9)

Jesús sagði: Ég er vegurinn og  
sannleikurinn og lífið; enginn  
kemur til föðurins nema fyrir  
mig. (Jóhannes 14: 6)

Ekki er hjálpræðið í neinum  
öðrum, því að eigi er heldur  
undir himninum annað nafn, er  
menn kunna að nefna, sem oss  
sé ætlað að verða hólpnir fyrir.  
(Postulasagan 4: 12)

## **bess vegna**

### **Gjörðu iðrun**

Guð . . . boðar nú mönnunum,  
að þeir allir skuli alstaðar gjöra  
iðrun. (Postulasagan 17: 30)

### **Trúðu**

Trú þú á Drottin Jesúm, og þú  
munt verða hólpinn og heimili  
þitt. (Postulasagan 16: 31)

### **Játaðu Guði syndir þínar**

Ef vér játum syndir vorar, þá  
er hann trúr og réttlátur, svo  
að hann fyrirgefur oss syndirnar  
og hreinsar oss af öllu ranglæti.  
(1 Jóhannesar bréf 1: 9)

### **Játaðu Krist fyrir mönnum**

Því að ef þú játar með munni  
þínum Drottin Jesúm og trúir  
með hjarta þínu, að Guð hafi  
uppvakið hann frá dauðum,  
muntu hólpinn verða; því að  
með hjartanu er trúað til réttlætis,  
en með munninum játað til  
hjálpræðis. (Rómverjabréfið 10: 9-10)